## SJÓNVARPIÐ

11.00 **Fræðsluvarp.** Endursýnt efni frá 20. og 22. febrúar sl. Haltur ríður hrossi (25 mín.). Algebra (16 mín.). Málið og meðferð þess (19 mín.). Þýskukennsla (15 mín.). Framleiðni (30. mín). Þýskukennsla (15 mín.). Frönskukennsla (15 mín.).
14.00 **Íþróttaþátturinn.** Umsjón Arnar Björnsson.
18.00 **Íkorninn Brúskur (11).** Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Leikraddir Aðalsteinn Bergdal.
18.25 **Smellir.** Umsjón Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir og Úlfar Snær Arnarson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Á framabraut** (Fame). Bandarískur myndaflokkur.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Lottó.**
20.35 **89' á stöðinni.** Spaugstofumenn fást við fréttir líðandi stundar. Leikstjóri Karl Ágúst Úlfsson.
20.50 **Fyrirmyndarfaðir** (Cosby Show). Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarföðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans.
21.15 **Maður vikunnar.** Guðrún Kristín Magnúsdóttir leikritahöfundur.
21.30 **Korsíkubræðurnir** (The Corsican Brothers). Bandarísk gamanmynd frá 1984. Aðalhlutverk Cheech & Chong. Í þessari mynd lenda þeir Cheech og Chong í miklum ævintýrum í frönsku byltingunni.
23.00 **Gulldalurinn** (Mackenna's Gold). Bandarískur vestri frá 1969. Leikstjóri J. Lee Thompson. Aðalhlutverk Gregory Peck, Omar Sharif, Telly Savalas og Edvard G. Robinson. Hópur manna leggur af stað í leiðangur inn á yfirráðasvæði indíána í leit að Gulldalnum sem þjóðsagan segir að geymi mikið magn af gulli.
01.05 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

8.00 **Kum, Kum.** Teiknimynd.
8.20 **Hetjur himingeimsins. He-Man.** Teiknimynd.
8.45 **Jakari.** Teiknimynd með íslensku tali.
8.50 **Rasmus klumpur.** Teiknimynd með íslensku tali.
9.00 **Með Afa.** Afi og Pási páfagaukur eru í góðu skapi í dag. Myndirnar sem þið fáið að sjá verða: Skeljavík, Túni og Tella, Skófólkið, Glóálfarnir, Sögustund með Janusi, Popparnir og margt fleira.
10.30 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
10.55 **Fálkaeyjan.** Falcon Island. Ævintýramynd í 13 hlutum fyrir börn og unglinga. 1 hluti. Þýðandi: Björgvin Þórisson. RPTA.
11.20 **Pepsí popp.** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt frá því í gær.
12.10 **Landvinningar.** Gone to Texas. Liðlega þrítugur var Sam Houston orðinn ríkisstjóri í Tennessee og naut virðingar og hylli almennings. Stjórnmálaferill hans varð þó endasleppur og hann beið mikinn álitshnekki er nýbökuð brúður hans hafnaði honum. Bitur og vonlaus flutti hann til Cherokee-indíánanna sem höfðu skotið yfir hann skjólshúsi í æsku.
14.30 **Ættarveldið** Dynasty. Framhaldsþáttur um ástir og erjur Carrington fjölskyldunnar.
15.20 **Rakel.** My Cousin Rachel. Fyrri hluti spennumyndar sem gerð er eftir skáldsögu Daphne du Maurier. Aðalhlutverk: Geraldine Chaplin og Christopher Guard. Leikstjóri: Brian Farnham. Síðari hluti verður sýndur á morgun, sunnudag.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar og úrslit dagsins kynnt, o.fl. skemmtilegt.
19.19 **19:19.** Lifandi fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Laugardagur til lukku.** Fjörugur getraunaleikur sem unninn er í samvinnu við björgunarsveitirnar. Í þættinum verður dregið í lukkutríói björgunarsveitanna en miðar, sérstaklega merktir Stöð 2, eru gjaldgengir í þessum leik.
21.30 **Steini og Olli.** Laurel and Hardy. Aðalhlutverk: Stan Laurel og Oliver Hardy.
21.50 **Hættuástand** Critical Condition. Mynd kvöldsins segir frá heldur ólánsömum smáglæpamanni, sem Pryor leikur. Eftir misheppnað rán í klámverslun er hann dæmdur til fangelisvistar. Hann læst vera geðveikur til að losna við að afplána dóminn og er færður til rannsóknar. En það gildir einu hverju hinn seki tekur upp á. Enginn trúir honum. Örlögin virðast þó vera hans megin þegar rafmagnið fer af sjúkrahúsinu og allt fer úr böndunum. Nýr framkvæmdastjóri sjúkrahússins álítur tugthúsliminn vera lækni, réttir honum slopp og nú hyggst fanginn grípa langþráð tækifæri og sleppa. Aðalhlutverk: Richard Pryor, Rachel Ticotin, Ruben Blades og Joe Mantegna.
23.40 **Magnum P.I.** Nú hefjast sýningar að nýju á þessum vinsæla spennumyndaflokki.
00.30 **Af óþekktum toga.** Of Unknown Orgin. Bart Hughes er ungur maður á uppleið og vinnur að því hörðum höndum að fá stöðu aðstoðarforstjóra við stórt kaupsýslufyrirtæki. Til þess að hann geti óáreittur einbeitt sér að mikilvægu verkefni sem hann þarf að sinna fer eiginkona hans ásamt tveimur börnum þeirra í burt í nokkra daga. Aðalhlutverk: Peter Weller, Jennifer Dale, Lawrence Dane og Kenneth Welsh. Leikstjóri: George P. Cosmatos. Alls ekki við hæfi barna.
2.00 **Sporfari** Blade Runner. Harrison Ford leikur fyrrverandi lögreglumann í þessari ósviknu vísindaskáldsögu sem gerist í kringum árið 2020. Jörðin er allt öðruvísi umhorfs en hún er í dag og er Ford fenginn til að rekja slóð nokkurra afburðagreindra vélmenna er hafa komist yfir geimfar og eru á leið til jarðar. Aðalhlutverk: Harrison Ford, Rutger Hauer, Sean Young, Edward James Olmos og Daryl Hannah. Alls ekki við hæfi barna.
3.55 **Dagskrárlok.**



## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Agnes M. Sigurðardóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **„Góðan dag,** góðir hlustendur". Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn** – „Kóngsdóttirin fagra" eftir Bjarna Jónsson. Björg Árnadóttir les þriðja lestur. (Áður á dagskrá 1976) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir leitar svara við fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Ríkisútvarpsins.
9.30 **Fréttir og þingmál.** Innlent fréttayfirlit vikunnar og þingmálaþáttur endurtekinn frá kvöldinu áður.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Sígildir morguntónar.**
11.00 **Tilkynningar.**
11.03 **Í liðinni viku.** Atburðir vikunnar á innlendum og erlendum vettvangi vegnir og metnir. Umsjón: Sigrún Stefánsdóttir.
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin.
14.00 **Tilkynningar.**
14.02 **Sinna.** Þáttur um listir og menningarmál. Umsjón: Þorgeir Ólafsson og Friðrik Rafnsson.
15.00 **Tónspegill.** Þáttur um tónlist og tónmenntir á líðandi stund. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Íslenskt mál.** Gunnlaugur Ingólfsson flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 15.45.)
16.30 **Leikrit mánaðarins:** „Húsvörðurinn" eftir Harold Pinter. Þýðing: Skúli Bjarkan. Leikstjóri: Benedikt Árnason. Leikendur: Bessi Bjarnason, Gunnar Eyjólfsson og Valur Gíslason. (Leikritið var áður á dagkrá í október 1969) (Einnig útvarpað nk. sunnudagskvöld kl. 19.31.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Dagskrá kvöldsins.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Smáskammtar.** Jón Hjartarson, Emil Gunnar Guðmundsson og Örn Árnason fara með gamanmál.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Kóngsdóttirin fagra" eftir Bjarna Jónsson. Björg Árnadóttir les þriðja lestur. (Áður á dagskrá 1976) (Endurtekinn frá morgni)
20.15 **Vísur og þjóðlög.**
20.45 **Gestastofan.** Umsjón: Gunnar Finnsson. (Frá Egilsstöðum.)
21.30 **Íslenskir einsöngvarar.** Lög við ljóð eftir Goethe um konur: Ólöf Kolbrún Harðardóttir syngur; Erik Werba leikur með á píanó. (Af hljómplötu)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 36. sálm.
22.30 **Dansað með harmoníkuunnendum.** Saumstofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Nær dregur miðnætti.** Kvöldskemmtun Útvarpsins á laugardagskvöldi. Stjórnandi: Hanna G. Sigurðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Sinfóníumúsíkk eftir Haydn og Schubert. Jón Örn Marinósson kynnir.
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30.
8.10 **Á nýjum degi.** Þorbjörg Þórisdóttir gluggar í helgarblöðin og leikur bandaríska sveitatónlist.
10.05 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Dagbók Þorsteins Joð.** - Þorsteinn J. Vilhjálmsson.
15.00 **Laugardagspósturinn.** Skúli Helgason sér um þáttinn.
17.00 **Fyrirmyndarfólk.** Lísa Pálsdóttir tekur á móti gestum og bregður lögum á fóninn.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Kvöldtónar.** Tónlist af ýmsu tagi.
22.07 **Út á lífið.** Anna Björk Birgisdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Eftirlætislögin.** Haukur Morthens velur. Umsjón: Svanhildur Jakobsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá síðasta þriðjudegi.)
03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

10.00 **Loksins laugardagur.** Gunnlaugur Helgason og Margrét Hrafnsdóttir fara í skemmtilega og skondna leiki með hlustendum. Gamla kvikmyndagetraunin verður á staðnum og eru verðlaunin glæsileg. Einnig fá Gulli og Margrét létta og káta gesti í spjall. Engin furða að þátturinn beri yfirskriftina Loksins laugardagur! Fréttir á Stjörnunni kl. 10.00, 12.00 og 16.00.
17.00 **Stjörnukvöld í uppsiglingu.** Ýmsir dagskrárgerðarmenn stöðvarinnar slá á létta strengi, leika vinsæla tónlist og kynda undir laugardagskvöldsfárið.
22.00 **Darri Ólason** mættur á næturvaktina. Hann er maðurinn sem svarar í síma 681900 og tekur við kveðjum og óskalögum. Darri er ykkar maður.
4.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum.

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

9.00 **Kjartan Pálmarsson** er fyrstur á fætur á laugardögum og spilar tónlist fyrir alla, alls staðar.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Axel Axelsson** með tónlist við þitt hæfi.
15.00 **Fettur og brettur.** Íþróttatengdur þáttur í umsjá Einars Brynjólfssonar og Snorra Sturlusonar. Farið verður yfir helstu íþróttaviðburði vikunnar svo og helgarinnar og enska knattspyrnan skipar sinn sess í þættinum.
18.00 **Topp tíu.** Bragi Guðmundsson leikur tíu vinsælustu lögin á Hljóðbylgjunni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Þráinn Brjánsson** og laugardagskvöld sem ekki klikkar.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Stuð, stuð, stuð.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**

## FM 98,9 BYLGJAN

10.00 **Valdís Gunnarsdóttir:** Góð helgartónlist sem engan svíkur.
14.00 **Kristófer Helgason:** Léttur laugardagur á Bylgjunni. Góð tónlist með helgarverkunum.
18.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Hinn eldhressi plötusnúður heldur uppi helgarstemmningunni.
22.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
02.00 **Næturdagskrá.**

## ALFA FM·102,9

14.10 **Barnatími.** Flutt framhaldsleikritið Tónlistarvélin og spiluð barnatónlist. Umsjón: Ágúst Magnússon.
14.30 **Heimsljós.** Viðtals- og fréttaþáttur með góðri íslenskri og skandinavískri tónlist í bland við fréttir af kristilegu starfi í heiminum. Umsjón: Ágúst Magnússon. (Ath. endurtekið næstkomandi þriðjudagskvöld).
16.00 **Vinsældaval Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
18.00 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
24.00 **Dagskrárlok.**



## Rót ÚTVARP FM 106·8

11.00 **Dagskrá** Esperantosambandsins. E.
12.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
14.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil.
16.00 **Um Rómönsku ameríku.** Mið-Ameríkunefndin.
17.00 **Breytt viðhorf.** Sjálfsbjörg – Landssamband fatlaðra. E.
18.00 **Heima og að heiman.** Alþjóðleg ungmennaskipti. E.
18.30 **Ferill og „FAN".** Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur í umsjá Láru o.fl.
21.00 **Síbyljan.**
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt** til morguns með Arnari Þór Óskarssyni og Benedikt Rafnssyni. Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

## ÚTRÁS FM 104,8

10.00 **Tómas Hilmarsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Sigjónsson.**
13.00 **Friðrik Kingo.**
16.00 **Ágúst Gunnlaugsson, Hafþór Pálsson.**
19.00 **Sævar Þór, Birgir Guðmundsson, Arnar Hjartarson.**
22.00 **Sverrir Tryggvason.**
01.00 **Næturvakt I.R. s: 680288.**
4.00 **Dagskrárlok.**

## Ólund
Akureyri
FM 100,4

17.00 **Barnalund.** Ásta Júlía og Helga Hlín sjá um þátt fyrir yngstu hlustendurna. Leikrit, söngur, glens og gaman.
18.00 **Enn á brjósti.** Brynjólfur Árnason og Jón Þór Benediktsson spjalla um félagslíf unglinga á Akureyri.
19.00 **Gatið.**
20.00 **Skólaþáttur.** Umsjón hafa nemendur í Glerárskóla.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Litið í blöðin og viðtöl að venju.
21.30 **Smásögur og stórar sögur.** Hildigunnur Þráinsdóttir hefur umsjón.
22.00 **Formalínkrukkan.** Árni Valur leikur rólega tónlist.
23.00 **Krían í læknum.** Rögnvaldur kría fær gesti í lækinn og leyfir þeim að busla að vild.
24.00 **Alþjóðlega Kim.** Rúnar og Matti eiga heima hlið við hlið og vilja það.
1.00 **Eftir háttatíma.** Næturvakt Ólundar.



**Omar Shariff og Gregory Peck í hlutverkum sínum í Gulldalnum.**

### Sjónvarp kl. 23.00:

# Gulldalurinn

Gulldalurinn (MacKenna's Gold) er löng ævintýramynd sem segir frá gullleit nokkurri á svæðum indíána á tímum villta vestursins. Myndin byggir á þjóðsögu um falið gull. Hópur ævintýramanna leggur í leiðangur í leit að gullinu undir forystu MacKenna sem er sá eini í hópnum sem þekkir til á landsvæðinu þar sem gullið á að vera.

Ekki eru allir sammála um hvernig skipta skuli fengnum þegar honum er náð. Einstaka meðlimir eru ekkert að hugsa um að skipta gullinu. Þegar takmarkinu er loks náð leiðir það til uppgjörs milli einstakra meðlima leiðangursins.

Það eru stórstjörnur er leika aðalhlutverkin. Gregory Peck leikur MacKenna. Aðrir þekktir leikarar eru Omar Shariff, Telly Savalas, Keenan Wynn, Lee J. Cobb, Edward G. Robinson, Anthony Quale, Burgess Merdith og Eli Wallach.

Gulldalurinn er ævintýramynd af gamla skólanum. Er fulllöng en undir lokin spennandi. -HK

### Rás 1 kl. 16.30 – leikrit mánaðarins:

# Húsvörðurinn

Leikrit mánaðarins er að þessu sinni Húsvörðurinn eftir Harold Pinter. Í aðalhlutverkum eru Valur Gíslason, Bessi Bjarnason og Gunnar Eyjólfsson. Leikstjóri er Benedikt Árnason. Upptekið var í febr. 1969.

Efni leiksins er í stuttu máli: Aston, sem er góðgjarn en fremur einfaldur maður, býr í hrörlegu húsi sem yngri bróðir hans Mick á. Kvöld nokkurt kemur Aston heim með næturgest, gamlan flæking, Davis, sem hann hefur bjargað frá slagsmálum. Bræðurnir sjá aumur á næturgestinum sem er heimilislaus og hefur í mörg ár gengið undir fölsku nafni. Hann er þó erfiður í umgengni og fordómafullur. Þegar Davis kemst að því að Aston hefur verið í meðferð á geðveikrahæli ákveður hann að reyna að ná völdum með því að etja bræðrunum saman.

### Sjónvarp kl. 21.30:

# Korsíkubræðurnir

Cheech Marin og Thomas Chong, betur þekktir sem Cheech og Chong, hafa leikið saman í nokkrum gamanmyndum sem helst er hægt að líkja við farsa. Ekkert er þeim heilagt og þótt þeir skjóti oft yfir markið eiga þeir það til að vera virkilega fyndnir.

Skotmark þeirra í Korsíkubræðrunum er hin þekkta skáldsaga Alexanders Dumas er ber sama nafn. Hér leika þeir tvíburana Cheecerini og Chongerino. Eins og aðrir tvíburar eiga þeir margt sameiginlegt. Eitt hafa þeir þó fram yfir aðra tvíbura. Þegar annar þeirra er laminn eða pyndaður á einhvern hátt finnur hinn fyrir sársaukanum.

Þetta skapar að sjálfsögðu vandamál, sérstaklega þar sem þeir gera sér góðar vonir um að tvær prinsessur verði eiginkonur þeirra.

Þessari ákvörðun tvíburanna er ekki vel tekið í herbúðum vonbiðla sem nota hvert tækifæri til að koma þeim bræðrum fyrir kattarnef.

Þetta er að mörgu leyti mjög skemmtileg gamanmynd, sérstaklega fyrir þá sem kunna að meta fáránleikahúmor. Cheech og Chong hafa samt aldrei náð sömu vinsældum í Evrópu og í Bandaríkjunum þar sem þeir eru meðal vinsælustu skemmtikrafta. -HK

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Hættuástand

Richard Pryor leikur smákrimma í Hættuástandi (Critical Condition) sem er vægast sagt frekar lánlaus innan starfsgreinar sinnar. Eftir misheppnað rán í klámverslun er hann settur í fangelsi þar sem hann reynir að þykjast geðveikur svo betur fari um hann. Fangaverðirnir sjá þó í gegnum brögð hans.

Þegar rafmagn fer af geðsjúkrahúsinu fer allt í hnút og nýr framkvæmdastjóri heldur Pryor vera lækni. Pryor grípur tækifærið, fer í slopp og reynir að flýja en það eru margir sem þurfa á lækni að halda ...

Richard Pryor tekst ágætlega upp í þessari gamanmynd, betur en oft áður. Þegar Eddie Murphy kom til sögunnar var hann helsta von svartra í kvikmyndum. Hann hefur samt átt frekar erfitt uppdráttar. Í heild er Hættuástand vel heppnuð gamanmynd, þótt stundum sé farið yfir strikið.